

5. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1927, um útflutningsgjald.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

1. gr. laga nr. 70, 27. júní 1921 hljóði svo:

Af öllum íslenskum afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í rikissjóð, er nemi $1\frac{1}{2}\%$ af verði afurðanna.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli og fóðurmjöli skal greiða í rikissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurkuðum og óunnum kr. 1.00.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

4. gr., sem verður 5. gr., hljóði svo:

Til afurða þeirra, er 1. gr. getur, telst afli af skipum, sem hafa rétt til þess að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti, eða verka hann í landhelgi, þótt eigi sé fluttur í land. Enn fremur nær gjaldið til afla, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa á höfnum inni eða í landhelgi.

4. gr.

Eftir 10. gr., sem verður 11. gr. kemur ný grein svo hljóðandi:

$\frac{1}{12}$ hluti tekna þeirra, er fást samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal ganga sem framlag rikissjóðs til ræktunarsjóðs Íslands, unz framlög rikissjóðs til hans samkv. l. nr. 11, 1925 og þessum lögum hafa numið samtals 1 millj. kr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 11, 29. maí 1925 um breyting á l. nr. 70, 1921 um útflutningsgjald o. fl.

Lög nr. 60, 27. júní 1921 um útflutningsgjald á sild o. fl.

Lög nr. 52, 8. sept. 1931 1. gr.

Lög nr. 27, 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Lög nr. 58, 19. júní 1933 um breytingu á l. nr. 70, 1921.

Lög nr. 2, 5. jan. 1934 um breyting á l. nr. 52, 1931.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazzt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 70, 27. júní 1921, og gefa þau út að nýju svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Aðalbreytingar þær, sem þetta frumvarp felur í sér, eru tvær, í fyrsta lagi er útflutningsgjaldinu af sild breytt þannig, að í stað þess að áður var greitt útflutningsgjald 1 króna af hverri tunnu, er nú greitt $1\frac{1}{2}\%$ af söluverði sildarinnar. Ekki þótt fært að fella niður hið sérstaka útflutningsgjald af sildarmjöli, þótt sumum kynni að þykja ástæða til vegna hins lága verðs.

Lögin um útflutningsgjald af sild o. fl. nr. 60, 27. júní 1921 hafa verið felld niður og það, sem eftir var af þeim fært inn í lögin um útflutningsgjald, sem ætlazt er til að gefin verði út að nýju til þess að tína saman á einn stað þær breytingar, sem á hafa verið gerðar.

Um 1. gr.

1. gr. laga nr. 70, 1921 breytt þannig, að hún taki til allra útfluttra afurða annara en landbúnaðarafurða og þeirra afurða, sem taldar eru sérstaklega í 2. gr.

Um 2. gr.

Hér eru taldar þær útflutningsvörur, sem eru með sérstöku útflutningsgjaldi.

Um 3. gr.

Nokkur ruglingur hefir verið í framkvæmdinni um útflutningsgjöld af þeim afurðum, sem verkaðar eru í landhelgi að einhverju leyti eða jafnvel fiskaður og verkaður utan landhelgi. Auðsætt er að erfitt er að greina á milli,

hvað af afla er fiskað eða verkað í landhelgi og hvað ekki, og gjaldendur þar einir til frásagnar. Íslensk fiskiskip verða að greiða útflutningsgjald af öllum afla sínum, hvort sem þau hafa komið í landhelgi eða ekki, og virðist því sanngjarnt að skip, sem rétt hafa til að veiða eða verka afla sinn í landhelgi og gera það að einhverju leyti, greiði útflutningsgjald á sama hátt, enda er þetta í samræmi við skilning á 10. gr. laga nr. 33, 1922 um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

Um 4. gr.

Að efni til samhljóða 2. gr. l. nr. 11, 29. maí 1925, Þó er sú breyting, að i ræktunarsjóð renna nú $\frac{1}{12}$ hluti af útflutningsgjaldi af síld.

Um 5. og 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.